

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
Ægissvæði



Efling, kraftur, áræði – Ábyrgðin er okkar

## Skýrsla Svæðisstjóra Ægissvæðis til umdæmisstjórnarfundar þann 16. apríl 2010.

Ein svæðisráðstefna var haldinn á þessu tímabili var hún haldinn í Garði 13. febrúar, vel var mætt frá öllum klúbbum. Á þessari ráðstefnu var tekin fyrir niðurstaða SVÓT greiningar kiwanisklúbba í Ægissvæði, niðurstaðan fylgir með þessari skýrslu.

Gylfi Ingvarsson form. K-dagsnefndar kynnti K-daginn og það starf sem komið er gang. Skipt var upp í umræðuhópa þar sem rætt var um eftirfarandi hugmyndir og tillögur frá K-dagsnefnd

1. *Hvernig vilt þú að staðið sé að K-deginum?*
2. *Hvernig er best að kynna K-daginn?*
3. *Hvernig er unnt að stuðla að aukinni virkni félaga á K-daginn?*
4. *Hugmyndir að styrktarverkefnum?*
5. *Aðrar hugmyndir að góðum K-degi:*

Ágætis umræður voru í hópunum og kynntu þeir sínar niðurstöður og skiluðu til K-dagsnefndar.

Farið yfir tillögu að nýju svæðisskiptingu umdæmisins, samþykkt var að lýsa yfir stuðningi við tillögu b.

Heimsóknir í klúbba.

17. jan. fór ég á fund hjá Hraunborgu, þar virðist starfið ganga vel og vera í föstum skorðum.

2. feb. heimsótti ég okkar nýjasta klúbb og væntanlegu kiwanisfélaga í Vörðu. Kynnti fyrir þeim uppbyggingu Kiwanis bæði erlendis og hér á landi. Einnig kynnti ég fyrir þeim Tryggingasjóðinn og Styrktarsjóð umdæmisins.

17. feb heimsótti ég Eldey, þar var góður fundur og ágætar umræður um hvernig þeir gætu gert mun betur í sínu starfi. Áhugavert að fylgjast með metnaði ákveðna Eldeyjarfélaga.

6. mars var mér boðið á Sjávarréttardag Eldborgar, stórglæsileg samkoma með frábærum ræðumönnum, miklum fjölda gesta og uppboði sem skilaði ágætum hagnaði eftir því sem ég best veit.

18. mars heimsótti ég Setberg, þeir er á svipuði róli og þeir hafa verið undanfarið. Þeir eru að fara í utanlandferð í sumar og hafa væntingar um fjölgun í haust amk þrjá félaga.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
Ægissvæði



## Efling, kraftur, áræði – Ábyrgðin er okkar

Almennt má segja að starfið gangi vel í svæðinu, flestar fjáraflanir gengið vel miðað við árferð og sumar jafnvel betur. Flestir klúbbar eru að bæta við sig félögum og síðan þurfa menn að vera vakandi að halda félögum í haust.

Við gerð þessara skýrslu hef ég skoðað mánaðarskýrslur frá klúbbunum, verð að segja að það eru litlar upplýsingar sem koma fram á þessum skýrslum og hef það á tilfinningunni að síðasta skýrsla sé afrituð, dagsetningum og fundarefni breytt. Einn klúbbritari hefur sent með skýrslum stutta samantekt yfir starfið og látið fylgja með, þetta hefur verið skemmtileg lesning, legg til að meiri áhersla verði lögð á það í ritarafræðslu, þetta er svona gamaldags bréf sem fólk skilur.

Að lokum vil ég koma inn á málefni Vörðu, ég hef fylgst nokkuð vel með þeim og reynt að aðstoða eins og ég get, sama hefur Hildisif kjörsvæðisstjóri gert. Mikið hefur verið rætt um mikilvægi þess að fjölga í hreyfingunni og stofna nýja klúbba. Það hefur komið mér á óvart að umdæmið virðist ekki vera tilbúið til þess að stofna nýjan kiwanisklúbb, þær hafa ekki fengið nein gögn eða fræðslu um hvernig eigi að standa að stofnun á kiwanisklúbb, þær hafa fengið mjög lítinn stuðning frá öðrum embættismönnum umdæmisins, t.d. hefur ekkert frumkvæði komið frá Fjölgunar og útbreiðslunefnd, kvennanefndin hefur ekkert verið í sambandi við þær eftir kynningarfund í haust osfrv. Margar ástæður geta verið fyrir þessu andavaraleysi. Tel að við þurfum að líta okkur nær að laga þessi atriði strax. Það gengur ekki að þegar loksins fer að rofa til, þá sitjum við á okkar feita og gerum ekki neitt. Við eigum að rétta hjálpahönd og sýna frumkvæði.

Keilis félagar hafa veit þeim mikinn stuðning og hafa þær óskað eftir því að Keilir verði móðurklúbbur þeirra og hefur það verið samþykkt.

Þessar frábæru konur hafa sýnt það í verki að „One can make a difference“ þann 24. mars sl. sáu þær um veislu fyrir börn á Barnaspítala Hringsins og aðstandendur þeirra samtals 60 manns, þær útveguð matinn, fengu kokk í lið með sér, þær þjónuðu til borðs, sáu um allt. Fengu þær mikið lof fyrir. Með þessu framtaki sýndu þær um hvað Kiwanis snýst. Vil vitna í litla stúlku sem naut þessar veislu þegar hún sagði við pabba sinn. „Pabbi, mér finnst eins og það sé hátíð“.

Með Kiwaniskveðjum  
Arnar Ingólfsson  
Svæðisstjóri  
Ægissvæðissvæðis 2009-10



# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
Ægissvæði



## Efling, kraftur, áræði – Ábyrgðin er okkar

### SVÓT- greining kiwanisklúbba í Ægissvæði – Niðurstaða.

Það er mikilvægt fyrir klúbba að gera sér grein fyrir sinni stöðu og setja sér skýr markmið hvert þeir vilja stefna og hvernig. Allir forsetar fengu verkefni fyrir svæðisráðsstefnu í haust, þar sem forseta klúbba í Ægissvæði SVÓT- greindu sinn Kiwanisklúbb. Þetta gekk vel og var niðurstaðan kynnt á síðustu svæðisráðsstefnu.

### Styrkleiki Kiwanisklúbba í Ægissvæði

- Góðir félagar og öflugt starf
- Öflugt starf og félagar
- Hluti af hreyfingu
- Jákvætt viðhorf almennings
- Sterkir styrktarsjóðir
- Skemmtilegt

### Veikleiki Kiwanisklúbba í Ægissvæði

- Ómarkviss félagaöflun
- Óskýr framtíðarsýn og stefnumótun
- Vantar meiri sýnileika
- Vantar meiri kynningu á Kiwanis
- Móttaka og fræðsla nýliða
- Halda félögum betur
- Aldursamsetning

### Ógnanir Kiwanisklúbba í Ægissvæði

- Samkeppni við aðra klúbba og félagsstarf
- Fjárhagserfiðleikar í þjóðfélaginu
- Samkeppni í fjáröflun
- Fækkun í hreyfingunni
- Sameining við Norden

### Tækifæri Kiwanisklúbba í Ægissvæði

- Betri kynning, nýta netið
- Fjölgun félaga
- Kreppan skapar tækifæri
- Fjölga klúbbum
- Kynna Kiwanis í tengslum við Hjálmaverkefnið og K-daginn
- Færa áhugamálin í klúbbastarfið
- Efla sambönd félaga, t.d. ferðir, veiði, reglubundnar gönguferðir eða önnur áhugamál